

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 151/1958. **Ákærvaldið** (Guðm. Ásmundsson hrl.)

gegn

**Angantý Agnari Áskelssyni,**

**Daníel Þór Emilssyni,**

**Péttri Þórarinssyni,**

**Sigurbergi Sverrissyni,**

**Vilhelm Sigmarssyni**

(Þorvaldur Þórarinsson hdl.),

**Eðvarð Helgasoni Vilmundarsyni**

og

**Sigurvini Sveinssyni**

(Guðlaugur Einarsson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Áfengislagabrot. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Eins og í héraðsdómi greinir, hafa ákærðu Eðvarð Helgason Vilmundarson og Sigurvin Sveinsson gengizt við kaupum þar greindra vínfanga, og verða þeir að bera ábyrgð samkvæmt því. Þá ber og að fallast á það með héraðsdómara, að þeir hafi eigi fært rök að því, að vínföngin hafi ekki verið ætluð til sölu, enda er framburður þeirra tortryggilegur um ýmis atriði í sambandi við áfengiskaupin. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sekta verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Angantýr Agnar Áskelsson, Daníel Þór Emilsson, Pétur Þórarinsson, Sigurbergur Sverrisson og Vilhelm Sigmarsson greiði in solidum málflytningislaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 9.000,00. Ákærðu Eðvarð Helgason Vilmundarson og Sigurvin Sveinsson greiði in solidum málflytningislaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningislaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sekta verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Angantýr Agnar Áskelsson, Daníel Þór Emilsson, Pétur Þórarinsson, Sigurbergur Sverrisson og Vilhelm Sigmarsson greiði in solidum málf lutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 9.000,00.

Ákærðu Eðvarð Helgason Vilmundarson og Sigurvin Sveinsson greiði in solidum málf lutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000,00.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar hæstaréttarlögmanns Ásmundssonar, kr. 12.000,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

## S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar  
og Jóns Ásbjörnssonar.**

Við erum sammála forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins að öðru leyti en því, að málsvarnarlaun verjanda Eðvarðs Helgasonar Vilmundarsonar og Sigurvins Sveinssonar fyrir Hæstarétti teljum við hæfilega ákveðin kr. 3.000,00.

**Dómur sakadóms Keflavíkur 8. ágúst 1958.**

Ár 1958, föstudaginn 8. ágúst, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Loga Einarssyni setudómara með undirrituðum vottum, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Sigurbergi Sverrisyni, Vilhelm Sigmarssyni, Agnari Áskelssyni, Daníel Þór Emilssyni, Eðvarð Helgasyni Vilmundarsyni,

Sigurvini Sveinssyni og Péttri Þórarinssyni, en mál þetta var tekið til dóms 18. f. m.

Mál þetta er höfðað samkvæmt ákæruskjali, út gefnu í dómsmálaráðuneyti 1. júlí 1957, „gegn Sigurbergi Sverrissyni vélstjóra, Sóltúni 10, Keflavík, f. 20. júlí 1925, Vilhelm Sigmarssyni bílstjóra, Hringbraut 95, Keflavík, f. 5. marz 1925, Agnari Áskelssyni bílstjóra, Sóltúni 9, Keflavík, f. 22. sept. 1924, Daníel Þór Emilsyni bílstjóra, Skólavegi 22, Keflavík, f. 31. des. 1927, Eðvarð Helgasyni Vilmundarsyni, Vatnsnesvegi 34, Keflavík, f. 2. okt. 1932, Sigurvini Sveinssyni rafvirkjameistara, Vesturbraut 11, Keflavík, f. 9. júní 1925, og Péttri Þórarinssyni bílstjóra, S.P. 628, Keflavíkurflugvelli, f. 28. júlí 1933, fyrir áfengislagabrot.

1. Ákærði Daníel er ákærður fyrir:

a) að selja í janúar sl. 1 kassa (12 flöskur) af ákavíti,  
 b) að láta Sigurjón Jónsson, Túngötu 13, Keflavík, kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febr. sl. 10 flöskur af gin og 10 flöskur af ákavíti, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

2. Ákærði Vilhelm er ákærður fyrir:

a) að selja 2 mönnum í janúar sl. 1 flösku af ákavíti fyrir kr. 150,00,

b) að láta Sigurjón Jónsson, Túngötu 13, Keflavík, kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febrúar sl. 5 flöskur af ákavíti, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

3. Ákærði Agnar er ákærður fyrir að láta Sigurjón Jónsson, Túngötu 13, Keflavík, kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 5 flöskur af gin og 5 flöskur af ákavíti, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

4. Ákærði Pétur er ákærður fyrir að láta Gísla Óskarsson, Skólavegi 14, Keflavík, kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febrúar sl. 20 flöskur af ákavíti, 14 flöskur af gin og 6 flöskur af koníaki, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

5. Ákærði Sigurbergur er ákærður fyrir að láta kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febr. sl. 8 flöskur af gin, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

6. Ákærði Eðvarð er ákærður fyrir að láta kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febr. sl. 20 flöskur af gin, 18 flöskur af áka-

víti og 6 flöskur af koniaki, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

7. Ákærði Sigurvin er ákærður fyrir að láta kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febr. sl. 16 flöskur af ákavíti, 15 flöskur af gin og 6 flöskur af koniaki, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

Brot þau, er greinir í 1. tölul. b, 2. tölul. b og 3.—7. tölul. (incl.) hér að framan, þykja varða við áfengislög, nr. 58/1954, 19. gr., 4. mgr., sbr. 42. gr., 2. mgr. Brot þau, er greinir í 1. tölul. a og 2. tölul. a, þykja varða við nefnd lög, 18. gr., sbr. 39. gr.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að þola upptöku alls þess áfengis, er greinir í 1. tölul. b, 2. tölul. b og 3.—7. tölul. (incl.) hér að framan, samkvæmt 41. gr. áfengis-laga og 69. gr., 1. mgr., hegningarlaganna. Ákærðu verði og dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.“

Eins og að framan getur, eru allir hinir ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna, og verður nú getið um þær kærur og refsingar, sem þeir hafa sætt samkvæmt sakavottorðum þeirra:

Ákærði Sigurbergur Sverrisson er fæddur í Grindavík. Hann hefur sætt þessum kærur og refsingum:

- 1945 6/4 Hafnarfj. 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1947 26/11 Keflavík. 25 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
- 1957 1/9 Kærður fyrir þjófnað, en ákæru frestað í 3 ár.
- 1955 4/3 Reykjavík. 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur.

Ákærði Vilhelm Sigmarsson er fæddur að Þverá í Fellshreppi í Skagafjarðarsýslu. Hinn 29/7 1957 sætti hann 200 kr. sekt á Keflavíkurflugvelli fyrir tolllagabrot.

Ákærði Agnar Áskelsson, sem fullu nafni heitir Angantýr Agnar, er fæddur í Hrísey. Á Keflavíkurflugvelli hefur hann tvívegis með dómsátt sætt sektum fyrir tolllagabrot: 1956, 4/1, 300 kr. sekt og 1957, 7/3, 600 kr. sekt.

Ákærði Daníel Þór Emilsson er fæddur í Breiðdalsvík í Breiðdalshreppi. Hann hefur sætt þessum kærur og refsingum á Keflavíkurflugvelli:

- 1955 31/12 100 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
- 1956 4/9 Áminning fyrir tolllagabrot.
- 1957 3/5 100 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.

Ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson er fæddur í Grindavík. Hann er starfsmaður hjá Olíusamlagi Keflavíkur. Í Reykjavík hefur hann sætt þremur sektum:

- 1954 15/6 50 kr. sekt fyrir brot gegn 26. gr. bifreiðalaga.  
 1955 26/5 50 kr. sekt fyrir brot gegn 78. gr. lögreglusamþykktar og 8/10 sama ár 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952.

Ákærði Sigurvin Sveinsson er fæddur í Reykjavík, og þar hefur hann samkvæmt sakavottorði sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1934 Kærður fyrir þjófnað á peningum. Afgr. til barnaverndarnefndar.  
 1938 3/3 Kærður fyrir rúðubrot. Sams konar afgreiðsla.  
 1941 7/2 Kærður fyrir þjófnað. Sams konar afgreiðsla.  
 — 5/3 Kærður fyrir svik og fals. Sams konar afgreiðsla.  
 1944 29/9 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 32. gr. lögreglusamþykktar.  
 1946 29/1 Sátt, 20 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.  
 — 17/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.  
 — 8/10 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.  
 1948 23/3 Áminning fyrir brot á 34. gr. lögreglusamþykktar.

Ákærði Pétur Þórarinsson er fæddur að Ríp í Skagafirði. Á Keflavíkurflugvelli, 1956, 11/11, sætti hann 100 kr. sekt fyrir brot gegn 26. gr. bifreiðalaga. Í sakadómi Keflavíkur var hann hinn 29/10 1956 dæmdur í 4.500 kr. sekt fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937, sbr. lög nr. 13/1941 og 38. gr. laga nr. 68/1956, og 3. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1954.

Verður nú greint frá málavöxtum:

### I.

Föstudaginn 1. febr. 1957 fór yfirlögrelupjónninn í Keflavík, Sigtryggur Árnason, með þrjá fanga frá Keflavík í lögreglubifreið til Reykjavíkur. Á leið sinni til Reykjavíkur mætti hann á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði bifreiðinni Ö-68 á suðurleið. Segir Sigtryggur yfirlögrelupjónn, að grunur hafi leikið á því, að bifreið þessi hafi verið notuð til áfengisflutninga til Keflavíkur í stórum stíl. Taldi hann eða datt í hug, að bifreiðin væri í þessu tilviki notuð til slíkra flutninga og að áfengi, sem flutt væri í henni, væri ætlað til sölu. Hringdi hann því á lögregluvarðstofuna í Keflavík og bað um, að bifreiðin yrði stöðvuð og þetta athugað. Um klukkan 20.45 nefnt föstudagskvöld stöðvuðu lögreglumenn svo bifreiðina við mót Reykjanesbrautar og vegar til Njarðvíkur. Ók bifreiðinni Sigurjón Jónsson bifreiðar-

stjóri, Túngötu 13 í Keflavík, en með honum voru Gísli Óskars-son verkamaður, Skólavegi 14 í Keflavík, og Indriði Pétursson verkamaður, Kletti í Innri-Njarðvík. Í bifreiðinni var kjöt og annar varningur auk talsverðs magns af áfengi í 15 kössum og einum pakka, samtals 165 áfengisflöskur, sem allar báru merki Áfengisverzlunar ríkisins. Var áfengi þetta allt tekið í vörzlur lögreglunnar nema sennilega ein átekin ginflaska, sem Gísli Óskarsson var með.

Í lögregluskýrslu frá 1. febr. 1957 segir, að Sigurjón Jónsson hafi játað að hafa keypt mestallt áfengið fyrir bílstjóra hjá Fólksbílastöðinni í Keflavík. Nánar segir svo í lögregluskýrslunni um áfengið og eigendur þess:

„Við athugun á kössunum og innihaldi þeirra kom eftirfarandi í ljós:

Kassarnir voru merktir ýmsum mönnum, sem aka á Fólksbílastöðinni.

Er við fórum að athuga, hvað hver bílstjóri ætti mikið, kom þetta í ljós:

Runni átti merkt vín í kössunum. Mun það vera Runólfur Sölvason, er ekur bifreiðinni Ö-360. Honum voru merktar 16 flöskur ákavíti, 6 flöskur koníak, 15 flöskur gin, samtals 37 flöskur.

Agnar, sem mun vera Agnar Áskelsson, er ekur bifreiðinni Ö-7, átti þarna 5 flöskur ákavíti og 5 flöskur gin, samtals 10 flöskur.

Danni, mun vera Daníel Emilsson, er ekur bifreiðinni Ö-373, átti þarna merktar 10 flöskur gin og 10 flöskur ákavíti, samtals 20 flöskur.

Villa, mun vera Vilhelm Sigmarsson, er ekur bifreiðinni G-22, voru merktar 5 flöskur ákavíti, samtals 5 flöskur.

Didda, sem mun vera Sigurbergur Sverrisson, er ekur bifreiðinni ?, voru merktar 8 flöskur gin, samtals 8 flöskur.

G. Þ., sem mun vera Gísli Þorvaldsson, er ekur bifreiðinni Ö-405, voru merktar 20 flöskur af gin, 18 flöskur af ákavíti og 6 flöskur af koníaki, samtals 44 flöskur.

Sex flöskur af koníaki, 20 flöskur af ákavíti og 14 flöskur af gin voru merktar xx. Þessar flöskur sagðist Gísli Óskarsson eiga. Hann var og með eina átekna ginflösku, og að henni við lagðri hefur hann þá verið með 41 flösku.

Alls voru þetta 165 flöskur af víni frá Áfengisverzlun ríkisins.

Umslag hafði Sigurjón meðferðis, merkt Skeifubarnum. Í því voru nótur og svo peningar, að upphæð kr. 1.815,00.

Enn hafði Sigurjón meðferðis umslög, 5 að tölu, merkt áður-töldum bílstjórum. Í þeim voru pantanir sem hér segir:

Eitt var merkt Runólfi Sölvasyni, Suðurgötu 40. Í því er áfengisþöntun, og nemur upphæð hennar kr. 5.505,00.

Annað er merkt þeim Agnari og Didda. Í því var áfengisþöntun fyrir Didda, að upphæð kr. 1.320,00, og einnig áfengisþöntun fyrir Agnar, og nemur sú upphæð kr. 1.425,00. Svo voru í því umslagi kr. 45,00.

Þriðja umslagið var merkt Villa. Í því var áfengisþöntun upp á kr. 600,00 og svo peningar í því, kr. 30,00.

Fjórdða umslagið var merkt Danna. Það inniheldur áfengisþöntun, er nemur kr. 2.850,00, og einnig peninga, kr. 50,00.

Fimmta umslagið er merkt G. Þ. og inniheldur reikning á hann fyrir áfengi. Nemur reikningurinn 6.720,00 krónum. Einnig eru í því umslagi peningar, kr. 150,00.“

Sigurjón Jónsson, sem ekur frá Sendibílastöð Keflavíkur, kveður Runólf Jóhann Sölvason bifreiðarstjóra og einn af eigendum Mánabars í Keflavík, Skólavegi 14 þar, hafa fimmtudagskvöldið 31. jan. 1957 beðið sig um að fara til Reykjavíkur og sækja vörur fyrir veitingastofuna. Kveðst Sigurjón hafa lagt af stað til Reykjavíkur klukkan ellefu f. h. daginn eftir, föstudaginn 1. febr. 1957, og segir Runólf Jóhann hafa beðið sig um að kaupa fyrir hann áfengi, koníak, gin og ákavíti fyrir kr. 5.000,00, sem Runólfur Jóhann hafi látið hann fá. Þá segir Sigurjón bifreiðarstjóra hjá Fólksbílastöðinni í Keflavík, þá ákærðu Daníel Þór, Angantý Agnar og Vilhelm svo og Gísla Ingva Þorvaldsson leigubifreiðarstjóra, Hringbraut 39 í Keflavík, einnig hafa beðið sig um að kaupa áfengi fyrir þá, og hafi þeir fengið honum peninga til þessara kaupa. Hafi ákærði Daníel Þór látið hann fá kr. 2.700,00 til kr. 2.800,00 til kaupa á gin og ákavíti og Gísli Ingvi um kr. 6.000,00 til kaupa á gin, ákavíti og koníaki. Hve mikla peninga ákærði Angantýr Agnar lét hann fá, man Sigurjón ekki, en segist hafa keypt fyrir hann 5 flöskur af ákavíti og 8 flöskur af gin svo og aðrar 8 flöskur af gin fyrir einhvern Didda, sennilega ákærða Sigurberg, einnig að beiðni ákærða Angantýs Agnars. Fyrir ákærða Vilhelm segist Sigurjón hafa keypt 5 flöskur af ákavíti, sem þessi ákærði hafi fengið honum peninga fyrir. Ekki kveðst Sigurjón sjálfur hafa átt neitt af

því áfengi, sem hann flutti nefndan föstudag til Keflavíkur í bílnum Ö-68.

Í förina til Reykjavíkur með Sigurjóni fóru þeir Indriði Pétursson og Gísli Óskarsson, sem keypti talsvert magn af áfengi, eins og síðar verður vikið að, en ekki kveðst Sigurjón vita, hvort Gísli Óskarsson hafi keypt þetta áfengi fyrir sig sjálfan eða annan. Indriði fór í ferðina með Sigurjóni til að aðstoða hann, ef með þyrfti vegna ófærðar á vegum. Þeir eru sammála um, að Indriði hafi ekkert áfengi keypt og ekkert verið viðriðinn áfengiskaupin.

Sigurjón, sem eitt sinn stundaði akstur frá Fólksbílastöðinni, neitaði fyrir dómi að svara þeirri spurningu, hvort þeir, sem áfengið áttu, hefðu þá selt áfengi, og eins neitaði hann að svara þeirri spurningu, hvort hann hefði aldrei heyrt orðróm um, að einhverjir þeirra seldu áfengi, en hann telur, að framangreind áfengiskaup þeirra geti varla verið eðlileg.

Í janúarmánuði 1957 kveðst Sigurjón hafa keypt áfengi fyrir þá Runólf Jóhann og ákærða Daníel Þór, gin og ákavíti, að hann minnr, einn kassa, 12 flöskur, fyrir ákærða Daníel Þór og þrjá fyrir Runólf Jóhann, sem ekki kannast við þetta, en varðandi kaup á áfengiskassa fyrir ákærða Daníel Þór verður nánar vikið að síðar.

## II.

Í máli þessu var þingað þegar 1. febr. 1957 og svo 2., 5., 6. og 9. sama mánaðar og einnig 13. janúar 1958 og 27. febr. sama ár. Samkvæmt endurríti úr sakadómsbók Keflavíkur háði Tómas Tómasson, fulltrúi bæjarfógeta í Keflavík, tvö fyrstu dómþingin, en hin Alfreð bæjarfógeti Gíslason. Laugardaginn 2. febr. 1957 komu fyrst fyrir dóm ákærðu Sigurbergur Sverrisson, Vilhelm Sigmarsson, Angantýr Agnar Áskelsson og Daníel Þór Emilsson. Báru þeir í fyrstu dag þennan, að þeir hefðu verið að útvega ýmsum mönnum áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir þá greindan föstudag 1. febr. 1957, og neituðu að hafa ætlað það til sölu, en samkvæmt bókunum úr þinghaldi þennan sama dag játuðu þeir síðar að hafa sjálfir átt áfengi þetta og jafnframt, að þeir hafi ætlað það til sölu, eins og nánar verður síðar greint frá.

Hinn 15. jan. sl. komu hinir ákærðu Angantýr Agnar og Sigurbergur í skrifstofu bæjarfógeta Keflavíkur með bréf skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., dags. 14. s. m., sem hann kveðst hafa ritað í samræmi við skýlausar óskir og þein

fyrirmæli skjólstæðinga sinna, ákærðu Angantýs Agnars, Sigurbergs og Daníels Þórs, en bréf verjandans er svo hljóðandi:

„Í sambandi við sakadómsmálið: Ákærvaldið gegn Sigurbergi Sverrissyni o. fl. — hef ég átt tal við skjólstæðinga mína, þá Agnar Áskelsson, Daníel Þór Emilsson og Sigurberg Sverrissón. Þeir hafa hver í sínu lagi eindregið óskað þess að koma á ný fyrir sakadóminn og hafa því falið mér að krefjast framhaldsrannsóknar, að því er sig varðar, þar eð bókanir eftir þeim séu ýmist ekki í samræmi við staðreyndir málsins eða framburði þeirra sjálfra, enda hafi þeir og sjálfir borið rangt um tiltekin atriði í von um að sleppa við varðhaldsvist og/eða refsingu.

Þeir hafa falið mér að taka þetta fram fyrir sína hönd:

1. Agnar Áskelsson kveðst aldrei hafa viðurkennt, að hann ætlaði sér að selja áfengi það, er Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann, enda hafi hann aldrei verið um þetta spurður. Hann kveðst aðeins hafa játað sölu á nokkrum áfengisflöskum fyrr af ótta við langvarandi gæzluvarðhald, sem hann hafi ekki treyst sér til að sitja í vegna erfiðra og sérstakra heimilisástæðna. Agnar rekur ekki minni til, að hann hafi staðfest bókunina á bls. 13 í endurriti úr sakadómsbókinni. Hann fullyrðir, að *hvorugur* hinna undirrituðu „votta“ hafi verið viðstaddur þinghaldið. Enn fremur segir hann, að Alfreð Gíslason bæjarfógeti hafi sjálfur stjórnað þinghaldi í sakadómi 2. febr. 1957, en þess sjáist ekki getið í endurritinu, er skjölum málsins fylgir, og sagt, að fulltrúi hans hafi gert það.

2. Sigurbergur Sverrissón kveðst vilja taka fram, að hann hafi játað það, sem eftir honum er bókað á bls. 12 í endurritinu úr sakadómsbókinni, aðeins til þess að sleppa við gæzluvarðhald, sem hefði getað valdið eignatjóni, að upphæð mörgum milljónum króna, þar eð Sigurbergur var eini lærði vélamaðurinn hjá Hraðfrystihúsi Keflavíkur h/f. Hins vegar hafi hann aldrei ætlað að selja áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann, og hefði aldrei játað slíkt á sig undir venjulegum kringumstæðum. Hann kveðst einnig vilja taka fram, að Alfreð Gíslason bæjarfógeti hafi sjálfur stjórnað þinghaldi í sakadómi 2. febr. 1957 og rannsókn málsins, að því er sig varðar, þótt þess sjáist ekki getið í bókunum frá þinghaldinu. Enn fremur kveðst hann láta þess getið, að „votturinn“ Ragnar Friðriksson hafi ekki verið viðstaddur þinghaldið samtímis sér.

3. Daníel Þór Emilsson segir, að yfirlögregluþjónninn, Sigtryggur Árnason, hafi með fortölum fengið sig til þess að játa,

að hann hefði í hyggju að selja áfengi það, er Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann. Hins vegar hafi hann aldrei jatað að hafa selt 12 flöskur af ákavíti í janúar 1957. Sú bókun styðjist ekki við neitt. Hann kveðst fullyrða, að aldrei hafi verið lesin fyrir sér bókunin á bls. 12 í endurritinu. Að gefnu tilefni kveðst hann vilja skýra frá því, að *hvorugur* hinna undirrituðu „votta“ hafi verið viðstaddur þinghaldið samtímis sér. Loks kveðst hann vilja geta þess, að Alfreð Gíslason bæjarfógeti hafi sjálfur stýrt saka-dómi í þinghaldinu 2. febrúar 1957 kl. 13.15 og stjórnað spurn-ingum, en hafi ekki verið inni kl. 14.30—14.40.

Þar eð ætlunin er að þingfesta mál þetta 17. þ. m. og hug-myndin er, að ég skili þá skriflegri vörn fyrir þessa skjólstæð-inga mína, þætti mér vænt um, að hinar umbeðnu skýrslur yrðu teknar af þeim eigi síðar en 15. þ. m. og mér látið í té endur-rit samdægurs, ef unnt er.

Bréf þetta boðsendi ég til þess að forðast tafir.“

Eftir að bæjarfógeta, Alfreð Gíslasyni, hafði borizt bréf þetta í hendur, kvað hann upp úrskurð hinn 27. febr. sl. þess efnis, að hann viki sæti í málinu ex officio. Með bréfi dómsmálaráðu-neytisins, dags. 2. apríl sl., var setudómari skipaður til þess að halda áfram rannsókn málsins og kveða síðan upp í því dóm.

Alfreð bæjarfógeti Gíslason skýrir svo frá, að föstudagskvöldið 1. febr. 1957 hafi lögreglumenn ekki náð til hans, er þeir höfðu stöðvað bifreiðina Ö-68 og handtekið bifreiðarstjóran, Sigurjón Jónsson, svo að Tómas Tómasson bæjarfógetafulltrúi hafi þá þeg-ar byrjað á dómsrannsókn í málinu, en þá komu fyrir dóm þeir Sigurjón Jónsson, Indriði Pétursson og Gísli Óskarsson. Næsta dag, laugardaginn 2. febr. 1957, var rannsókn málsins haldið áfram klukkan 10.30. Kveðst bæjarfógeti þá strax hafa komið í dóminn, er fyrsti maður, ákærði Sigurbergur Sverrisson, var yfir-heyrdur, en þá hafi Tómas Tómasson fulltrúi verið búinn að setja dóminn, og segist bæjarfógeti ekki hafa forvitnast um, hvor þeirra, hann eða Tómas, hafi verið skráður sem dómari í þingbókina (sakadómsbókina). Segir bæjarfógeti, að sér hafi verið ljóst, að málið mundi vera allumfangsmikið, enda mjög umrætt í bæn-um, og því hefði hann hugsað sér að annast rannsókn þess sjálf-ur. Kveður hann Tómas fulltrúa hafa bókað í sakadómsbók, en þeir hafi jöfnum höndum lagt spurningar fyrir þá, sem fyrir dóm komu, og hafi svör þeirra oft eða oftast verið bókuð eftir sinni fyr-irsögn, er í öllum tilfellum hafi verið nákvæmlega samhljóða svör-um þeirra, enda hafi þeir að sjálfsögðu haft tækifæri til að leið-

rétta, ef þeim sýndist svo, þar eð þeir hafi heyrt bókanir jafnarðan.

Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Keflavíkur, sem lagt hefur verið fram í máli þessu 21. apríl sl. sem dskj. nr. 3, eru vottar við þinghaldið laugardaginn 2. febr. 1957 Hjalti Sigurðsson lögreglumaður og Ragnar Friðriksson, en hann er skrifstofumaður hjá bæjarfógetanum í Keflavík.

Alfreð bæjarfógeti Gíslason segir, að það sé rétt, sem fram kemur í bréfi Þorvalds Þórarinssonar hdl., dags. 14. jan. sl., að Ragnar Friðriksson hafi ekki verið viðstaddur þinghaldið nefndan laugardag. Ástæðuna fyrir því, að hann er í endurriti dómsrannsóknarinnar þennan dag talinn annar votturinn, kveður bæjarfógeti vera þá, að Ragnar hafi verið vottur og bókarari við þau þinghöld, sem hann (bæjarfógeti) háði síðar í máli þessu, og er hann hóf sjálfur að vélrita rannsóknina um miðjan maí 1957, kveðst hann hafa séð, að aðeins einn vottur hafi undirritað þinghaldið 2. febr. 1957, og þess vegna hefði sig í svipinn minnt, að Ragnar hefði þá einnig verið viðstaddur, en láðst að rita nafn sitt í þingbókina. Vegna þessa rangminnis kveðst bæjarfógeti hafa vélritað nafn Ragnars Friðrikssonar sem nafn annars vottsins í endurritið úr sakadómsbókinni nefndan laugardag án þess að at-huga það nánar.

Ragnar Friðriksson segir það rétt, að hann hafi ekki verið viðstaddur í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febr. 1957, er mál þetta var þá til rannsóknar, og kveðst ekki heldur hafa skrifað sem vottur í sakadómsbók undir þinghald þetta. Frá því um klukkan 17.00 þriðjudaginn 5. febrúar 1957, er ákærði Sigurvin Sveinsson kom í síðara skiptið fyrir dóm dag þennan, segist Ragnar hafa verið viðstaddur þinghald í máli þessu og þar til dómi var slitið klukkan 18.50, en dómur var settur þennan þriðjudag klukkan 10.25 og slitið klukkan 18.50. Í endurriti rannsóknarinnar er ekki skráð, hvað klukkan hafi verið, þegar ákærði Sigurvin Sveinsson kom í síðara skiptið fyrir dóm, en sá, sem mætti á undan honum í dóminum, vék frá klukkan 17.10. Miðvikudaginn 6. febr. 1957 kveðst Ragnar hafa verið viðstaddur allan daginn við þinghald í máli þessu, enda skrifari þá eins og daginn áður, eftir að hann kom þá í dóminn.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kveður þá Sigtrygg Árnason yfir-lögregluþjón og Hjalta Sigurðsson lögreglumann hafa verið viðstadda þinghaldið laugardaginn 2. febr. 1957 milli þess, sem þeir fluttu ákærðu í og úr dómi. Þá kveður bæjarfógeti sig og Tómas

fulltrúa stöðugt hafa verið viðstadda þinghaldið þennan dag, en segir þó ekki óhugsanlegt, að hann hafi sjálfur vikið sér frá í nokkrar mínútur, en lengur hafi það ekki getað verið.

Um þinghaldið laugardaginn 2. febr. 1957 er framburður Tómasar Tómassonar fulltrúa í samræmi við framburð bæjarfógeta, Alfreðs Gíslasonar. Segir Tómas þá jöfnum höndum hafa lagt spurningar fyrir þá, sem fyrir dóm komu, og það, sem bókað var, hafi jafnóðum verið lesið upp fyrir þeim og síðan framburðirnir í heild, þegar þeir viku úr dómi. Kveður Tómas lögreglumennina Sigtrygg Árnason og Hjalti Sigurðsson yfirleitt hafa verið viðstadda þinghald dag þennan, en þó hafi þeir hvor í sínu lagi af og til brugðið sér frá vegna rannsóknar málsins. Kannast Sigtryggur Árnason við að hafa verið viðstaddur þinghald þennan dag, eins og nánar verður síðar vikið að. Hjalti Sigurðsson lögreglumaður kveðst muna, að hann hafi verið lengi dags í saka-dómi Keflavíkur laugardaginn 2. febr. 1957, er þingað var í máli þessu, en hvort hann hafi þá skroppið frá, segist hann ekki muna. Ekki kveðst hann muna eftir hverjum einstökum manni, er þá var yfirheyrður, né heldur muna eftir því, hvort bókanir hafi verið lesnar upp í þinghaldi greindan laugardag fyrir þeim, sem fyrir dóm komu.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kveðst hafa ávítað ákærða Angantý Agnar, er hann og ákærði Sigurbergur komu með nefnt bréf í bæjarfógetaskrifstofuna fyrir hádegi 15. jan. sl., fyrir þær dylgjur og ásakanir, sem bornar voru á bæjarfógeta í bréfinu. Kveður bæjarfógeti ákærða Agnar hafa sagt, að hann yrði að klóra í bakkann, en bæjarfógeti segir, að sér hafi skilizt, að verjandi þeirra ákærðu Angantýs Agnars og Sigurbergs, Þorvaldur Þórarinsson hdl., ætti mestan þátt í því, hvernig bréfið væri úr garði gert.

Eftir hádegi þennan dag segir Alfreð Gíslason bæjarfógeti ákærða Angantý Agnar hafa hringt til Tómasar Tómassonar fulltrúa og sagt, að þeir, hann (Angantýr Agnar) og ákærði Sigurbergur, vildu taka aftur efni bréfsins, en þeir hefðu ekki fengið ákærða Daniel Þór til að samþykkja það.

Ákærði Angantýr Agnar segir vel mega vera, að hann hafi sagt við bæjarfógeta, er hann og ákærði Sigurbergur komu með bréfið í bæjarfógetaskrifstofuna, eitthvað á þá leið, að hann yrði að klóra í bakkann. Nokkru síðar kveðst ákærði Angantýr Agnar hafa rætt í síma við Tómas fulltrúa um málið fram og til baka, og segist ákærði ekki þora að sverja fyrir það, að

eitthvað hafi farið á milli þeirra þess efnis, að hann (ákærði Angantýr Agnar) og ákærði Sigurbergur vildu taka bréfið til baka, en þeir hefðu ekki fengið ákærða Daníel Þór til að samþykkja það. Þá segist ákærði Angantýr Agnar ekki þora að fara með það, hvor þeirra, hann eða Tómas, hafi nefnt Daníel Þór á nafn. Hvernig orð féllu í þessu símtali, hefur Tómas Tómasson ekki getað greint frá, en hann minnir, að ákærði Angantýr Agnar hafi talað um nefnt bréf í einhvers konar „afturköllunartón“ og eins og hann hálfþæfi eftir því, að bréfið hefði komið fram. En ákærði Angantýr Agnar segir, að vel geti verið, að hann hafi haft orð á því við Tómas, að honum væri farið að leiðast allt þetta þóf í kringum málið.

Nokkru eftir að bæjarfógeta barst greint bréf Þorvalds Þórarinssonar hdl., komu hinir ákærðu Angantýr Agnar og Sigurbergur í skrifstofu bæjarfógeta í fylgd með Guðlaugi Einarssyni hdl. Segir Tómas fulltrúi, að sér hafi skilizt, að þeir væru þangað komnir í þeim tilgangi að afturkalla efni bréfsins, en bæjarfógeti hafi ekki verið viðlátinn, og kveðst Tómas hafa tjáð þeim, að málið hefði þegar verið sent dómsmálaráðuneytinu, og frekar hafi þá ekki verið að gert.

Ákærði Angantýr Agnar skýrir svo frá, að einhvern tíma eftir 14. jan. sl. hafi hann ekið að bæjarfógetaskrifstofunni, en þangað hafi verið beðið um bíl. Þarna hafi farþegi komið í bílinn, sem hann hafi ekkert kannazt við, en þeir hafi spjallað saman, m. a. um mál þetta, og þá kveðst ákærði hafa komizt að raun um, að farþeginn var Guðlaugur Einarsson hdl. Segir ákærði hann hafa kannazt við málið og vitað, að ákærði Sigurbergur var bendlaður við það. Þeir hafi þá farið og sótt ákærða Sigurberg, og síðan hafi þeir allir farið í skrifstofu bæjarfógeta til að ræða um málið, en er þangað kom, hafi bæjarfógeti ekki verið viðstaddur, svo að stutt hafi verið staðið við, en nokkuð rætt um málið fram og til baka við Tómas Tómasson fulltrúa. Ekki segist ákærði Angantýr Agnar hafa farið í neinum ákveðnum tilgangi í bæjarfógetaskrifstofuna í þetta skipti og ekki í þeim tilgangi að taka aftur efni bréfsins. Ákærði Sigurbergur kveður Guðlaug Einarsson hdl. hafa viljað fá þá, sig og ákærða Angantýr Agnar, til að taka aftur margnefnt bréf Þorvalds Þórarinssonar hdl., en það segist hann (ákærði Sigurbergur) hvorki þá né í annan tíma hafa leyft Guðlaugi Einarssyni né nokkrum öðrum að gera fyrir sína hönd. Kveður hann Guðlaug hafa talað í síma

við bæjarfógeta, en hvað þeim hafi farið á milli, segist hann ekki vita.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti skýrir frá því, að nokkru eftir að honum barst í hendur greint bréf Þorvalds Þórarinssonar hdl., hafi Guðlaugur Einarsson hdl. hringt heim til hans og beðið hann um að koma í skrifstofuna og setja dóm, því að ákærðu vildu afturkalla efni nefnds bréfs, en þessu kveðst bæjarfógeti hafa neitað.

Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður kom fyrir sakadóm hinn 26. júní sl. Kvaðst hann hvorki vilja né telja sér skylt að gefa nokkra skýrslu í máli þessu og neitaði að skýra frá för sinni í skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík nokkru eftir 15. jan. sl. með þeim ákærðu Angantý Agnari og Sigurbergi Sverrissyni. Neitaði Guðlaugur Einarsson að svara spurningum dómara um, hvað hinum ákærðu og honum fór á milli, svo og frá símtali sínu við bæjarfógeta. Taldi Guðlaugur héraðsdómslögmaður Einarsson sér sem verjanda tveggja meðákærðu, Sigurvins Sveinssonar og Eðvarðs Helgasonar Vilmundarsonar, bæði óskylt, óheimilt og ósambóðið að gefa nokkrar upplýsingar í máli þessu, enda þótt hann gæti það.

### III.

Ákærði Angantýr Agnar Áskelsson.

Af áfengi því, sem fannst í bifreiðinni Ö-68, átti ákærði Angantýr Agnar 5 ginflöskur og 5 flöskur af ákavíti, en á einum af miðum (áfengispöntunum) þeim, sem teknar voru af Sigurjóni Jónssyni, sbr. lögregluskýrsluna hér að framan, stendur:

„Agnar.

5 gin 165/- = 825

5 áka 120/- = 600

---

1425.“

Á öðrum slíkum miða stendur:

„Diddi.

Kr. 1350 gin 10 fl.

Agnar 6 gin 810

6 áka 630 = 1440.“

Laugardaginn 2. febr. 1957 kom ákærði Angantýr Agnar tvívegis fyrir sakadóm Keflavíkur. Í fyrra skiptið, sem hann sótti dómþing þennan dag, skýrði hann svo frá, að hann hefði beðið Sigurjón Jónsson um að kaupa áfengi fyrir sig og ákærða Sigur-

berg Sverrisson, en tveir aðrir nafngreindir menn hefðu beðið hann um að útvega sér áfengi, ef hann færi til Reykjavíkur. Í síðara skiptið, sem hann kom í dóm dag þennan, tók hann aftur þennan framburð sinn og viðurkenndi að hafa átt allt það áfengi, 5 flöskur af gin og 5 flöskur af ákavíti, sem Sigurjón keypti fyrir hann föstudaginn 1. febr. 1957, og er bókað í sakadómsbók, að hann viðurkenni að hafa ætlað allt þetta áfengi til sölu, ef tækifæri gæfist. Þá viðurkenndi hann að hafa áður selt áfengi, en ákaflega lítið hafi kveðið að því, hann hafi ekki selt fleiri en 10 flöskur og haft hagnað af hverri flösku kr. 45,00.

Er ákærði Angantýr kom fyrir dóm, eftir að setudómari hafði verið skipaður til að fara með rannsókn málsins, skýrði hann svo frá, að hann minntist þess ekki, að fyrri bókunin í þinghaldi 2. febr. 1957 hefði verið lesin upp fyrir sér, og fullyrðir hann, að dag þennan hafi ekki aðrir verið viðstaddir þinghald, þegar hann var þá í dómi, en bæjarfógeti, Alfreð Gíslason, Tómas Tómasson fulltrúi og Sigtryggur yfirlögregluþjónn Árnason. Segir ákærði bæjarfógeta hafa lagt fyrir sig spurningar, en Tómas fulltrúa hafa skrifað í stóra, þykka bók.

Kveðst ákærði hafa talið ólöglegt fyrir atvinnubifreiðarstjóra að eiga áfengi, og því hafi hann sagt tvo nafngreinda menn hafa beðið sig um að útvega þeim áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann, þótt hann sjálfur væri eigandi þess.

Ákærði Angantýr Agnar kveðst ekki minnast þess, að hann hafi í sakadómi Keflavíkur hinn 2. febr. 1957 verið spurður um það, hvort hann hefði ætlað að selja áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann, og þá kveðst hann í síðastnefndu þinghaldi aldrei hafa viðurkennt að hafa ætlað að selja áfengi þetta. Ekki segist þessi ákærði muna til þess, að framburður hans, er hann í síðara skiptið 2. febr. 1957 kom fyrir sakadóm, hafi verið lesinn upp fyrir sér. Hann kveðst þó minnast þess, að hann hafi þá viðurkennt að hafa áður selt allt að 10 flöskum af áfengi, eins og fyrr getur. Þetta brot kveðst hann þó aldrei hafa framið, heldur játað það á sig til þess að losna úr gæzlu lögreglunnar, sem hann var hafður í talsverðan tíma þennan dag. Gefur hann þá nánari skýringu á þessari játningu sinni, að kona sín hafi verið langt gengin með, en hafi alið barn 21. febr. 1957. Þau hjón hafi átt þrjú ungbörn fyrir og heimilisástæður hafi því verið erfiðar, enda konan enga húshjálp haft.

Fyrir dómi hafa þeir Alfreð bæjarfógeti Gíslason, Tómas Tómasson fulltrúi og Sigtryggur Árnason yfirlögregluþjónn borið það,

að ákærði Angantýr hafi í sakadómi Keflavíkur 2. febr. 1957 viðurkennt að hafa ætlað sér að selja áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann og mál þetta er risið af. Hjalti Sigurðsson lögreglumaður man ekki sérstaklega eftir því, að ákærði Angantýr Agnar kæmi fyrir dóm þennan dag, né heldur eftir framburði hans þá.

Eins og málsatvikum er að framan lýst, að því er varðar þátt ákærða Angantýs Agnars Áskelssonar í máli þessu, er þrátt fyrir framburð hans, eftir að setudómari tók við rannsókn málsins, sannað, að ákærði hafi í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957 viðurkennt að hafa ætlað til sölu 5 ginflöskur og 5 flöskur af ákavíti, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann föstudaginn 1. febrúar 1957 og teknar voru úr bifreiðinni Ö-68, svo og, að þetta hafi raunverulega verið ætlun ákærða.

Varðar þetta brot hans við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga, nr. 58/1954.

Ákærði Angantýr Agnar er ekki ákærður fyrir að hafa áður selt áfengi, og verður honum þegar af þeirri ástæðu eigi gerð refsing fyrir brot gegn 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga.

#### IV.

Ákærði Sigurbergur Sverrisson.

Ákærði Sigurbergur Sverrisson er vélgæzlumaður við Hraðfrystihús Keflavíkur h/f, en auk þess kveðst hann í frístundum sínum stunda akstur leigubifreiðar.

Af áfengi því, sem tekið var úr bifreiðinni Ö-68, átti ákærði Sigurbergur 8 flöskur af gin, en eins og að framan getur, stendur á einum af miðum þeim, sem Sigurjón Jónsson hafði meðferðis, er lögreglumenn stöðvuðu ferðir hans, eftirfarandi:

„Diddi

Kr. 1350 gin 10 fl.

Agnar 6 gin 810

6 áka 630 = 1440.“

Á öðrum slíkum miða stendur:

„Diddi

8 gin 165/- = 1320.“

Ákærði Sigurbergur kom tvívegis fyrir sakadóm Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957. Í fyrra skiptið neitaði hann eindregið að hafa ætlað að selja áfengið, sem hann átti með bifreiðinni, og skýrir hann svo frá, að hann hafi beðið meðákærða Angantý Agnar að kaupa fyrir sig 10 flöskur af gin, ef hann

færi til Reykjavíkur fyrir helgina 3. febrúar 1957, eins og með-ákærði Angantýr Agnar ber, sbr. að framan, en þar sem ákærði Angantýr Agnar hafi ekki farið til Reykjavíkur, hafi hann beðið Sigurjón Jónsson um að annast þessi kaup, og átti ákærði Sigurbergur því aldrei tal við Sigurjón um áfengiskaupin. Til kaupa á þessum 10 ginflöskum kveðst ákærði Sigurbergur hafa látið ákærða Angantý Agnar fá kr. 1.350,00, en þar sem verð á áfengi hafi hækkað, hafi þessi fjárhæð ekki hrokkið nema til kaupa á 8 ginflöskum, en samkvæmt upplýsingum frá Áfengisverzlun ríkisins hækkaði verð á áfengi frá og með 1. febrúar 1957. Af þessum 8 flöskum kveðst ákærði Sigurbergur aðeins hafa átt eina, en nefnt laugardagskvöld kvaðst hann hafa ætlað að fara á þorrablot. Hinar flöskurnar sjö kvað hann nafngreinda menn hafa átt, sem beðið hafi hann um að útvega sér áfengi, og hafi þeir látið hann fá fé til kaupanna.

Í síðara skiptið, sem ákærði Sigurbergur kom fyrir sakadóm, laugardaginn 2. febrúar 1957, breytti hann þessum framburði sínum og kvaðst sjálfur eiga áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann. Þá viðurkenndi hann og að hafa haft í hyggju að selja áfengi þetta, ef tækifæri hefði boðizt, en þó hafi hann sjálfur ætlað að hafa eitthvað af því til drykkju.

Ákærði Sigurbergur kveður bæjarfógeta í bæði skiptin, sem hann mætti í sakadómi laugardaginn 2. febrúar 1957, hafa stjórn að þinghaldi, en fulltrúa hans, Tómas Tómasson, hafa bókað. Báða framburði sína úr þinghaldi þessu segir hann hafa verið lesna upp fyrir sér og kveðst hafa staðfest bókanir. Hjalta Sigurðsson lögreglumann segir hann hafa verið viðstaddan sem vott.

Eftir að setudómari tók að sér rannsókn málsins, kveðst ákærði Sigurbergur aldrei hafa ætlað að selja áfengið. Hann hafi játað þetta brot á sig í þinghaldi 2. febrúar 1957, þar sem lögreglan hafi tekið hann í sínar vörzlur, en þá hafi enginn annar lærður vélgæzlumaður en hann verið við Hraðfrystihús Keflavíkur h/f og 30 til 40 manns við vinnu og vélar gæzlulausar, en hætta hefði getað hlotizt af að skilja við vélar gæzlulausar, bæði sprengihætta og hætta fyrir fólk af ammóníaki. Ekkj sagði ákærði þó bæjarfógeta af þessari hættu og ekki heldur lögreglumanni þeim, sem færði hann í varðhald í fangageymslu í Keflavík.

Suma þá menn, sem ákærði Sigurbergur í þinghaldi 2. febrúar 1957 tilnefndi sem eigendur áfengisins, kveðst hann hafa beðið að segja, ef bæjarfógeti spyrði þá um, hver áfengið ætti, að þeir

væru eigendur þess, en hver þeirra hefði átt að segjast eiga eina flösku.

Eftir að ákærði Sigurbergur hafði verið færður í fangageymsluna, kom í bæjarfógetaskrifstofuna í Keflavík Jón Þórarinnsson Söring bifreiðarstjóri, Sóltúni 11 þar, og fékk leyfi til að tala við ákærða í varðhaldinu. Segir Alfreð bæjarfógeti Gíslason, að Jón Söring hafi óskað eftir því að fá að tala við ákærða Sigurberg og leiða honum fyrir sjónir, að bezt væri fyrir hann að skýra rétt frá, eða tjá ákærða, að hann mundi ekki bera það, að hann ætti áfengið, en Jón Söring var einn af þeim mönnum, sem ákærði í fyrstu tilnefndi sem einn af eigendum áfengisins. Telur bæjarfógeti, að Jón Söring hafi haft þau áhrif á ákærða Sigurberg, að hann breytti framburði sínum í sakadómi 2. febrúar 1957, eins og að framan er rakið, en ekki það, að vélar hraðfrystihússins kynnu að verða gæzlulausar. Jón Söring segir aftur á móti, að hann hafi eingöngu fengið leyfi til að tala við ákærða í fangageymslunni í þeim tilgangi að aðstoða hann, ef með þyrfti, t. d. með því að útvega honum lögfræðilega aðstoð, en ákærði hafi sagzt eigi þurfa á aðstoð að halda. Kveður Jón Söring þá að öðru leyti aðeins hafa rabbað saman um daginn og veginn.

Ákærði segir Jón Söring hafa boðizt til að ná í lögfræðing fyrir sig, en Jóni hafi verið kunnugt um, hve mikið væri í húfi í íshúsinu, meðan hann væri í haldi. Kveðst ákærði hafa sagt Jóni, að ekki væri annað fyrir sig að gera en játa á sig sök til þess að losna úr varðhaldinu, en annað hafi þeim ekki farið á milli.

Með eigin játningu ákærða Sigurbergs Sverrissonar í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957 er sannað, að hann hafi ætlað til sölu framangreindar 8 ginflöskur, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann. Afturköllun ákærða á játningu sinni á þeim forsendum, að hann hafi játað á sig brotið til að losna úr varðhaldi, vegna þess að mikið tjón og hættu hefði getað hlotizt af, ef vélar hraðfrystihússins yrðu gæzlulausar, verður ekki tekin til greina, enda gat ákærði Sigurbergur ekkert um hættu þessa við Alfreð Gíslason bæjarfógeta, fulltrúa hans, Tómas Tómasson, né heldur lögreglumann þann, sem færði hann í varðhald, auk þess sem afturköllun þessi kemur ekki fram fyrr en tæpu ári eftir, að ákærði játaði á sig brotið.

Brot ákærða Sigurbergs varðar við 4. mgr. 19. gr. áfengisлага. Í ákæruskjali er ákærða ekki gefið að sök að hafa reynt að

fá menn til að bera rangt fyrir dómi, og verður honum því þegar af þeirri ástæðu ekki gerð refsing samkvæmt 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

## V.

Ákærði Daníel Þór Emilsson.

Af framangreindu áfengi í bifreiðinni Ö-68 átti ákærði Daníel Þór Emilsson 10 flöskur af gin og 10 flöskur af ákavíti. Á tveimur miðum, sem Sigurjón Jónsson hafði meðferðis, er skráð:

„Danni.

1 kassa ákav. 1260

1 kassa gin 1620

---

2880.“

„Danni.

10 áka = 1200

10 gin = 1650

---

2850.“

Ákærði Daníel Þór kom tvívegis fyrir sakadóm Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957. Í fyrra skiptið var hann í dómi klukkan 13.15 til klukkan 14.10 og skýrði þá svo frá, að fjórir nafngreindir menn hefðu beðið hann um að kaupa fyrir sig áfengi, og hefðu þeir afhent honum miða, sem á hafi verið letrað það áfengismagn og sú áfengistegund, sem hver einstakur hefði óskað eftir, en alla mennina segir hann hafa greitt sér fyrir fram andvirði áfengisins. Voru miðar þessir lagðir fram í dómnum, og báru þeir nöfn greindra fjögurra manna.

Í síðara skiptið þennan laugardag var ákærði fyrir dómi klukkan 14.30 til klukkan 14.40. Er þá bókuð viðurkenning hans um, að hann eigi sjálfur áfengið, sem hann bað Sigurjón Jónsson um að kaupa fyrir sig, og eins viðurkenning hans um að hafa ætlað áfengi þetta allt til sölu. Áðurgreinda fjóra menn kvaðst hann hafa hitt kvöldið áður, föstudagskvöldið 1. febrúar 1957, og beðið þá um að gangast við að eiga áfengið. Þá er bókuð í þinghaldi þessu játning ákærða Daníels Þórs um að hafa snemma í janúar 1957 fengið einn kassa (12 flöskur) af ákavíti með Sigurjóni og að hafa selt þetta áfengi.

Verður nú vikið að framburði ákærða Daníels Þórs, eftir að setudómari var skipaður til að halda áfram rannsókn málsins, en framburður þessa ákærða var þá svo ruglingslegur og svo

mjög á reiki, að afar erfitt eða ómögulegt var að henda reiður á honum, sérstaklega að því er varðar framburð hans um áður-nefndan ákavítiskassa, 12 flöskur.

Kvaðst ákærði sjálfur eiga áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann og mál þetta er risið af, en hann hafi talið óheimilt fyrir bifreiðarstjóra að eiga áfengi, og þess vegna hafi hann borið það, að nafngreindir fjórir menn væru eigendur þess. Neitaði ákærði að hafa ætlað áfengi þetta til sölu og sagðist bara svona hafa ætlað að eiga þetta vín sjálfur, eins og hann komst að orði. Sjálfur kveðst hann lítils áfengis neyta, en hann hafi gift sig á hvítasunnu í maí 1957, og þá hafi hann ætlað að nota þetta áfengi líka, eins og hann segir.

Í fyrra skiptið, sem ákærði Daníel Þór kom fyrir sakadóm, laugardaginn 2. febrúar 1957, segir hann bæjarfógeta, Alfreð Gíslason, hafa lagt fyrir sig spurningar, en Tómas Tómasson fulltrúa hafa bókað. Í síðara skiptið, sem ákærði var fyrir sakadómi dag þennan, þ. e. milli klukkan 14.30 og 14.40, og hann viðurkenndi að hafa átt áfengið sjálfur, segir hann engan annan hafa verið í dómi en Tómas Tómasson fulltrúa og sig. Bæjarfógeti hafi þá ekki verið viðstaddur og ekki heldur lögreglumennirnir Sigtryggur Árnason né Hjalti Sigurðsson. Segir ákærði Tómas fulltrúa hafa skrifað eitthvað, en eigi lesið það upp. Kveðst hann hafa spurt Tómas fulltrúa, hvort hann ætti ekki að skrifa undir bókunina, en því hafi Tómas neitað.

Nánar skýrir ákærði Daníel Þór svo frá, að er hann hafði verið yfirheyrður í fyrra skiptið í sakadómi Keflavíkur hinn 2. febrúar 1957, hafi Sigtryggur yfirlögregluþjónn Árnason átt að flytja hann í gæzlu, en þar sem ákærði hefði komið í bíl sínum að bæjarfógetaskrifstofunni, fékk hann leyfi til að fara fyrst heim til sín með bílinn, en í þeirri ferð var Sigtryggur yfirlögregluþjónn í bílnum með ákærða. Í þessari ferð kveður ákærði Sigtrygg hafa sagt, að bezt væri fyrir hann að viðurkenna, að hann hefði ætlað áfengið til sölu, en það mundi geta tekið allt að hálfum mánuði til þrjár vikur að rannsaka málið, og að á meðan yrði hann að vera í gæzlu, ef hann ekki viðurkenndi. Einnig kveður ákærði Sigtrygg hafa sagt, að reynt yrði að ljúka málinu með dómsátt, ef ákærði viðurkenndi brot sitt, og þá yrði ekki eins mikill kostnaður við málið. Vegna þessara ummæla Sigtryggs yfirlögreglumanns kveðst ákærði hafa viðurkennt að eiga áfengið og hafa ætlað það til sölu, þótt það hafi raunar ekki verið ætlun hans.

Um greindan ákavítiskassa, 12 flöskur, var framburður ákærða

mjög á reiki, er setudómari þingaði í málinu. Viðurkenndi ákærði Daníel Þór í fyrstu, þ. e. í þinghaldi 21. apríl sl., að hafa fengið þennan ákavítiskassa í janúar 1957 frá Reykjavík með Sigurjóni Jónssyni, eins og Sigurjón ber. Í sama þinghaldi er bókuð eftir honum játning um að hafa selt þetta áfengi, 12 flöskur, og jafnframt, að hann hafi játað þetta í þinghaldi laugardaginn 2. febrúar 1957. Litlu síðar í sama þinghaldi sagði ákærði, að hann myndi ekki til, að neitt sérstaklega hefði verið spurt um þennan kassa, þ. e. í sakadómi 2. febrúar 1957, og svo, að í janúar 1957 eða einhvern tíma hafi Sigurjón Jónsson komið með einn kassa af ákavíti til sín frá Reykjavík, en hann minnst þess ekki að hafa viðurkennt að hafa selt þessar 12 flöskur. Þá endurtók ákærði, að hann minntist þess ekki, að sérstaklega hefði verið minnt á greindan ákavítiskassa, þ. e. í þinghaldi 2. febrúar 1957. Þá neitaði ákærði því að hafa játað fyrir dómi laugardaginn 2. febrúar 1957 að hafa selt 12 flöskur af ákavíti og kvað bókun þess efnis ranga.

Sigtryggur Árnason yfirlögregluþjónn skýrir svo frá, að er hann var kominn heim til ákærða Daníels Þórs í bíl hans, eins og að framan greinir, hafi ákærði stanzað og sagt: „Við skulum bíða svolítið, ég þarf að hugsa þetta svolítið,“ — en á leiðinni heim til ákærða segir Sigtryggur þá ekkert hafa rætt saman. Sigtryggur kveður ákærða svo hafa spurt sig, hverri refsingu það mundi varða, ef hann (ákærði) viðurkenndi að hafa ætlað áfengið til sölu. Kveðst Sigtryggur hafa sagt, að hann gæti engu um það svarað, en hins vegar teldi hann, að ef ákærði hefði eitthvað sannara að segja en hann hefði borið fyrir dómi, þá skyldi hann skýra frá því. Eftir nokkra þögn kveður Sigtryggur ákærða hafa sagt: „Það er bezt að vera ekki neitt að þessu, heldur fara og segja það, sem satt er. Ég sel því skarpara á eftir.“ Annað segir Sigtryggur þá ekki hafa talað saman, en haldið aftur í skrifstofu bæjarfógeta. Neitar ákærði að hafa viðhaft þau ummæli, sem Sigtryggur yfirlögregluþjónn hefur eftir honum.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kveður ákærða Daníel Þór að sér viðstöddum hafa játað í þinghaldi laugardaginn 2. febrúar 1957, er ákærði kom í síðara skiptið dag þann fyrir dóm, bæði að hafa ætlað til sölu áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann og tekið var úr bifreiðinni Ö-68, og eins, að hann hefði selt einn kassa, 12 flöskur, af ákavíti í janúar 1957. En er þeir voru samprófaðir, neitaði ákærði að hafa í nefndu þinghaldi játað að hafa ætlað til sölu áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann hinn

1. febrúar 1957, og eins að hafa í janúar 1957 selt 12 flöskur af ákavíti. Hélt ákærði og fast við það, að bæjarfógeti hefði ekki verið viðstaddur í síðara skiptið, sem hann (ákærði) kom fyrir saka-dóm nefndan laugardag.

Tómas Tómasson fulltrúi kveður ákærða Daníel Þór hafa viður-kennt í sakadómi laugardaginn 2. febrúar 1957 að hafa ætlað til sölu áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann 1. febrúar það ár, og eins að hafa í janúar sama ár selt 12 flöskur af ákavíti. Þeir lögreglumennirnir bera og, að þeir hafi í margnefndu þing- haldi greindan laugardag heyrt ákærða Daníel Þór viðurkenna að hafa ætlað til sölu áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann og tekið var úr bifreiðinni Ö-68. Þá segja þeir báðir sig minna, að ákærði hafi einnig í þinghaldi þessu viðurkennt að hafa áður selt áfengi, einn kassa, í janúar 1957, að því er Sig- trygg minnir.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið um þátt ákærða Daníels Þórs Emilssonar í máli þessu, er sannað, að hann hefur í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar milli klukkan 14.30 og 14.40 viðurkennt að hafa ætlað til sölu 10 flöskur af gin og 10 flöskur af ákavíti, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann hinn 1. febrúar 1957 og teknar voru úr bifreiðinni Ö-68, og að hann hefur þá viðurkennt að hafa í janúar 1957 selt 12 flöskur af áka- víti. Fullyrðingar ákærða um, að rangbókað hafi verið eftir hon- um í nefndu þinghaldi, verða eigi taldar hafa við rök að styðjast, og þykir sannað, að hann hafi í janúar 1957 selt 12 flöskur af ákavíti, svo og, að hann hafi ætlað til sölu áður nefndar 10 gin- flöskur og 10 ákavítisflöskur.

Brof ákærða Daníels Þórs eru réttilega heimfærð í ákæruskjali til 18. gr. og 4. mgr. 19. gr. áfengis laga.

Ákærði Daníel Þór er ekki ákærður fyrir að hafa gert tilraun til að fá menn til að bera rangt fyrir dómi, og verður honum því þegar af þeirri ástæðu eigi gerð refsing samkv. 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

## VI.

Ákærði Vilhelm Sigmarsson.

Af áðurgreindu áfengi í bifreiðinni Ö-68 átti ákærði Vilhelm Sigmarsson 5 flöskur af ákavíti, en á einum af framangreindum miðum, sem Sigurjón Jónsson hafði meðferðis, stendur:

„Villi

5 áka 120/— = 600.“

Ákærði Vilhelm kom einu sinni fyrir sakadóm Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957 og skýrði þá í fyrstu svo frá, að nafngreindur maður hefði beðið hann um að útvega sér 6 flöskur af ákavíti. Til kaupa á þessum flöskum segist ákærði hafa afhent Sigurjóni Jónssyni úr eigin vasa kr. 630,00, en fjárhæð þessi hafi ekki hrokkið til kaupa nema á 5 flöskum. Þá viðurkenndi ákærði Vilhelm að hafa eitt sinn snemma í janúar 1957 selt tveimur mönnum, sem kallaðir eru Hannes og Stebbi, eina flösku af ákavíti fyrir kr. 150,00.

Í þessu sama þinghaldi er svo bókuð játning ákærða Vilhelms um, að hann væri sjálfur eigandi framangreindra 6 ákavítisflaskna og að hann hefði ætlað þær til sölu, ef tækifæri hefði boðizt. Hann hafi kvöldið áður, föstudagkvöldið 1. febrúar 1957, hitt hinn nafngreinda mann og beðið hann um að gangast við því að hafa beðið sig (ákærða) um að útvega honum áfengið.

Er setudómari þingaði í málinu 21. apríl sl., kom ákærði Vilhelm ótilkvaddur fyrir dóm og kvaðst ekki hafa ætlað framangreindar ákavítisflöskur til sölu. Kveðst ákærði ekki muna fyrir víst, hvort hann hafi viðurkennt þetta í sakadómi 2. febrúar 1957. Þá kveðst hann ekkert muna eftir því, hvort bókun í því þinghaldi hafi verið lesin upp fyrir sér. Nánar skýrði ákærði Vilhelm svo frá, að þar sem hann hafi viðurkennt að hafa selt eina ákavítisflösku í janúar 1957, þá hefði hann talið sér óheimilt sem atvinnubifreiðarstjóra að eiga þær 5 flöskur af ákavíti, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann. Vegna þessa kveðst ákærði hafa beðið nafngreindan mann í Keflavík að segjast eiga áfengið, ef hann (ákærði) yrði kvaddur fyrir dóm, en þó hafi ekki verið neitt ákveðið um það, hvort maðurinn mundi segjast eiga áfengið.

Í sakadómi Keflavíkur 2. febrúar 1957 kveðst ákærði hafa spurt, hvort hann mætti ekki eiga áfengið, greindar 5 flöskur, sjálfur, en þá hafi Sigtryggur yfirlögreglupjónn Árnason sagt, að hann skyldi viðurkenna að hafa ætlað áfengið til sölu, þar sem hann neytti ekki víns, en ákærði kveðst bragða áfengi, þótt hann sé enginn óreglumaður. Þá kveður ákærði Alfreð bæjarfógeta Gíslason hafa sagt, að hann skyldi ekki vera að þessu, heldur kannast við, að hann hafi ætlað áfengið til sölu, og segir bæjarfógeti vel geta verið, að hann hafi látið þessi orð falla. Vegna alls þessa kveðst ákærði hafa sagt, að þeir skyldu bóka það, sem þeir vildu.

Bæjarfógeti, Alfreð Gíslason, skýrir svo frá, að ákærði Vilhelm Sigmarsson hafi í þinghaldi 2. febrúar 1957 ótilneyddur viður-

kennt að hafa í janúar 1957 selt eina ákavítisflösku fyrir kr. 150,00 og eins að hafa ætlað til sölu áðurgreindar 5 flöskur af ákavíti. Kveður bæjarfógeti það rangt, að ákærði hafi sagt, „að þeir skyldu bóka það, sem þeir vildu,“ eða aðra setningu þess efnis. Þá segir hann bókanir hafa verið lesnar upp fyrir ákærða í þinghaldi 2. febr. 1957, eins og Tómas Tómasson fulltrúi hefur borið, en hann kveðst hafa heyrt ákærða Vilhelm viðurkenna áðurgreind brot. Kveðst Sigtryggur Árnason og hafa heyrt ákærða Vilhelm viðurkenna að hafa ætlað til sölu margnefndar 5 ákavítisflöskur.

Með framburði ákærða Vilhelms Sigmarssonar í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957, eins og hann er þar bókaður, er sannað, að ákærði Vilhelm hafi í janúar 1957 selt í Keflavík eina flösku af ákavíti fyrir kr. 150,00, svo og, að hann hafi ætlað til sölu þær 5 ákavítisflöskur, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann 1. febrúar 1957 og teknar voru úr bifreiðinni Ö-68. En breytingar ákærða og afturköllun hans á framburði í nefndu þinghaldi 2. febr. 1957, sem gerð er rúmu ári síðar, verður ekki tekin til greina. Varða brot ákærða við 18. gr. og 4. mgr. 19. gr. áfengisлага.

## VII.

Ákærði Pétur Þórarinsson.

Af framangreindu áfengi, sem tekið var úr bifreiðinni Ö-68 föstudaginn 1. febrúar 1957, reyndist ákærði Pétur Þórarinsson vera eigandi að 20 flöskum af ákavíti, 14 flöskum af gin og 6 flöskum af koníaki, en sá, sem annaðist fyrir hann þessi áfengiskaup í Reykjavík nefndan föstudag, var Gísli Óskarsson verkamaður, Skólavegi 14 í Keflavík.

Er Gísli Óskarsson kom fyrst fyrir dóm, kvaðst hann sjálfur vera eigandi þessa áfengis, 40 flaskna, sem kostað hefðu kr. 5.000,00 og hann hefði ætlað til eigin nota, en ekki til sölu, enda hefði hann ekki fengið orð fyrir reglusemi.

Þessum framburði breytti Gísli á þann veg, að ákærði Pétur væri eigandi áfengisins að undanskildum ginflöskunum 10, en þær kveðst Gísli hafa ætlað að nota ásamt félögum sínum til að gera sér dagamun. Enn breytti Gísli framburði sínum og kvað ákærða Pétur eiganda alls áfengisins. Sagði hann ákærða hafa fengið sér á 6. þúsund króna til áfengiskaupa, en minna áfengismagn hefði fengizt fyrir þessa fjárhæð en ráð hafði verið fyrir gert, vegna hækkunar á áfengisverði, en eins og áður hefur verið skýrt frá, hækkaði verð á áfengi frá og með 1. febrúar 1957.

Kvaðst Gísli hafa ætlað að fá fyrir sig og félagana sína, er heim kæmi, 10 flöskur af gin hjá ákærða Péttri á réttu verði, en ákærði segir, að ekkert slíkt hafi komið til tals milli sín og Gísla.

Ákærði Pétur skýrir svo frá, að föstudaginn 1. febrúar 1957 hafi hann hitt Sigurjón Jónsson og frétt hjá honum, að hann ætlaði til Reykjavíkur til að sækja vörur. Kveðst ákærði því hafa beðið hann um að kaupa fyrir sig áfengi í Reykjavík og flytja það til Keflavíkur. Segist ákærði hafa farið heim til sín að ná í peninga, en þá hitt Gísli Óskarsson og fengið hann til að fara með Sigurjóni og kaupa áfengið. Kveðst ákærði hafa látið Gísla fá kr. 6.300,00 til þessara kaupa, og hafi Gísli átt að kaupa 20 flöskur af ákavíti og gin og koníak fyrir afganginn af fénu, en eigi hafi verið ákveðið, hve mikið skyldi vera af hvorri þeirra tegunda.

Neitar ákærði að hafa ætlað áfengi þetta til sölu, heldur hafi hann ætlað að eiga það, enda hafi hann frétt, að útsöluverð á áfengi ætti að hækka verulega.

Alkunna er, að sterkur grunur hefur lengi leikið á því, að ýmsir leigubifreiðarstjórar stundi áfengissölu. Hefur og ýmsum mönnum úr þeirri stétt á undanförunum árum verið refsað fyrir áfengissölu, en ákærði Pétur Þórarinnsson er leigubifreiðarstjóri, og var hann í sakadómi Keflavíkur hinn 29. október 1956 dæmdur í 4.500,00 króna sekt fyrir áfengissölu, ólöglega vörzlu áfengis og tollagabrot. Mjög ólíklegt verður að telja, að ákærði Pétur hafi ætlað að nota sjálfur framangreint áfengismagn, 40 flöskur, enda hefur hann ekki nefnt neitt sérstakt tilefni til eigin notkunar á svo miklu áfengismagni. Hann segir að vísu, að hann hafi frétt um, að útsöluverð á áfengi ætti að hækka verulega, sem og raunar varð. Ekki þykir þó þessi grunur hans eða vísu um hækkun áfengisverðs gera áfengiskaup þessi eðlileg. En árið 1956 kveðst hann hafa haft 50 þúsund króna peningatekjur auk vinnu sinnar á búi foreldra sinna fyrir norðan. Þegar allt þetta er haft í huga, verður niðurstaðan sú, að ákærði Pétur hafi eigi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt brotlegur við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga.

## VIII.

Ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson.

Af áfengi því, sem tekið var úr bifreiðinni Ö-68, eins og áður getur, kveðst ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson hafa átt 20 flöskur af gin, 18 flöskur af ákavíti og 6 flöskur af koníaki, en

áfengi þetta var merkt G. Þ., Gísla Ingva Þorvaldssyni leigubifreiðarstjóra, Hringbraut 93 í Keflavík.

Í einu af umslögum þeim, sem Sigurjón Jónsson hafði meðferðis, var reikningur, er á var ritað:

„G. Þ.	
2 kassa gin	3240,00
2 — ákav.	2520,00
4 flöskur koníak	640,00
2 — genever	320,00

---

6.720,00.“

Verður þrátt fyrir þessa merkingu á áfenginu að byggja á framburði ákærða Eðvarðs um, að hann sé raunverulegur eigandi þess.

Eins og áður getur, kveður Sigurjón Jónsson Gísla Ingva hafa afhent sér um 6.000,00 krónur til kaupa á gin, ákavíti og koníaki.

Gísli Ingvi skýrir svo frá, að nokkrum dögum fyrir 1. febrúar 1957 hafi ákærði Eðvarð afhent sér kr. 6.970,00 og beðið sig um að kaupa fyrir hann áfengi, greindar tegundir, og tvær skyrtur, sem báðar mundu kosta kr. 250,00, ef hann ætti leið til Reykjavíkur, en vegna ófærðar á vegum kveðst Gísli Ingvi ekki hafa getað annast þetta og því beðið Sigurjón Jónsson um að kaupa áfengið, þar eð Sigurjón átti leið til Reykjavíkur.

Ákærði Eðvarð hefur bifreiðarstjórpróf, en ekki heimild til að aka leigubifreið til mannflutninga, enda kveðst hann ekki hafa stundað akstur leigubifreiðar né heldur unnið við afgreiðslustörf á bifreiðastöð. Hann kannast við að hafa afhent Gísla Ingva peninga til áfengiskaupa, eins og Gísli Ingvi skýrir frá, en fé þetta kveðst ákærði hafa haft á sér, er hann hitti Gísla Ingva og bað hann um að kaupa fyrir sig áfengið. Peningana til áfengiskaupanna kveðst ákærði, sem er mánaðarkaupsmáður, hafa fengið hjá meðákærða Sigurvini Sveinssyni í janúar 1957, en þetta fé segist ákærði hafa lánað meðákærða Sigurvini sumarið eða haustið 1956 án þess að fá skriflega viðurkenningu ákærða Sigurvins fyrir lánveitingunni. Hefur ákærði Eðvarð annars neitað að svara spurningum um fjárhag sinn. Ákærði Sigurvin kannast aftur á móti alls ekki við að hafa fengið að láni 6.000,00 krónur hjá ákærða Eðvarði, enda segist ákærði Sigurvin aldrei hafa fengið að láni peninga hjá ákærða Eðvarði nema smáfjárhæðir, um 100,00 krónur, sem fljótlega hafi verið endurgreiddar.

Ákærði Eðvarð neitar því að hafa ætlað til sölu framangreint

áfengi, samtals 40 flöskur, heldur kveðst hann hafa ætlað þetta vín til drykkjar sjálfur, enda drekki hann 2—3 flöskur af áfengi um helgar og stundum eina flösku í miðri viku.

Telja verður mjög ósennilegt, að ákærði Eðvarð hafi ætlað að nota áfengið til eigin neyzlu, enda hefur hann ekki nefnt neitt sérstakt tilvik, sem geri þessi áfengiskaup eðlileg. Að vísu hefur hann rökstutt kaup þessi með því, að hann væri mikill drykkju- maður, en þótt sú staðhæfing hans væri sönn, getur hún ekki veitt nægilega sterkar líkur fyrir því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur ákærði Eðvarð því gerzt brotlegur við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga.

## IX.

Ákærði Sigurvin Sveinsson.

Af margnefndu áfengi því, sem tekið var úr bifreiðinni Ö-68 hinn 1. febrúar 1957, kveðst ákærði Sigurvin Sveinsson eiga 16 flöskur af ákavíti, 15 flöskur af gin og 6 flöskur af koníaki, samtals 37 flöskur, en áfengi þetta var merkt „Runni“, Runólfi Jóhanni Sölvasyni leigubifreiðarstjóra, Skólavegi 14 í Keflavík.

Í einu af margnefndum umslögum var miði, sem á var ritað:

„Runni.

16 áki	=	1.920
5 gin 165/—	=	825
10 — 165/—	=	1.650
6 brandy 185/—	=	1.110

5.505.“

Þrátt fyrir þessa merkingu á áfenginu verður að byggja á því, að ákærði Sigurvin sé raunverulega eigandi þess, eins og hann ber.

Þeir ákærði Sigurvin og Runólfur Jóhann eru sammála um að hafa hitzt mánudaginn 28. janúar 1957, og þá hafi ákærði afhent Runólfi Jóhanni kr. 5.500,00 og beðið hann um að kaupa fyrir sig áfengi, 18 flöskur af gin og 6 flöskur af koníaki svo og 18 flöskur af ákavíti að sögn ákærða, en 16 flöskur af þessari áfeng- istegund að sögn Runólfs Jóhanns. Segir ákærði, að fjárhæðin, sem hann afhenti Runólfi til áfengiskaupanna, hafi verið miðuð við það, að ákavítisflaskan kostaði kr. 105,00, ginflaskan kr. 135,00 og koníaksflaskan kr. 140,00, en eins og áður getur, hækkaði út- söluverð á áfengi frá og með 1. febrúar 1957. Kveður ákærði Sig- urvin Runólf Jóhann hafa sagt mundu fara til Reykjavíkur sama dag, — 28. jan. 1957, — og þeir áttu tal saman um áfengiskaupin

eða næsta dag, en Runólfur Jóhann kveðst alls ekki sjálfur hafa ætlað að fara þá til Reykjavíkur, heldur hafi hann ætlað að biðja Sigurjón Jónsson um að annast þessi kaup, eins og hann gerði, enda hafi Sigurjón ætlað þangað.

Ákærði Sigurvin hefur hið minna próf bifreiðarstjóra. Kveðst hann og aldrei hafa ekið leigubifreið til mannflutninga og ekki heldur unnið við afgreiðslustörf á bifreiðastöð.

Hann kveðst hafa ætlað greint áfengi, samtals 37 flöskur, til eigin þarfa, en ekki til sölu. Þrátt fyrir þessa fullyrðingu ákærða Sigurvins verður að telja mjög ólíklegt, að hann hafi ætlað áfengið til eigin neyzlu eða veitinga, enda hefur hann ekki nefnt neitt sérstakt tilvik, sem hefði getað gefið eðlilegt tilefni til áfengis-kaupa þessara. Verður því ekki talið, að ákærði hafi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt brotlegur við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga.

## X.

Refsingar. — Upptaka áfengis. — Sakarkostnaður.

Refsingar allra hinna ákærðu ber að ákveða samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga svo og samkvæmt 1. mgr. 39. gr. þeirra laga, að því er varðar ákærðu Daníel Þór og Vilhelm Sigmarsson.

Verð á áfengi því, sem ákærðu áttu með bifreiðinni Ö-68 og tekið var í vörzlu lögreglunnar í Keflavík föstudaginn 1. febrúar 1957, var sem hér segir: Ákavítisflaskan kostaði kr. 120,00, ginflaskan kr. 165,00 og koníaksflaskan kr. 185,00.

Þykja refsingar hinna ákærðu hæfilega ákveðnar þannig, að ákærði Sigurbergur Sverrisson sæti 6.600,00 króna sekt, ákærði Angantýr Agnar Áskelsson 7,125,00 króna sekt, ákærði Daníel Þór Emilsson 17.000,00 króna sekt, sbr. 77. gr. alm. hegningarlaga, ákærði Vilhelm Sigmarsson 4.000,00 króna sekt, sbr. 77. gr. alm. hegningarlaga, ákærði Pétur Þórarinsson 29.100,00 króna sekt, ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson 32.850,00 króna sekt og ákærði Sigurvin Sveinsson 27.525,00 króna sekt, en sektir þessar skulu allar renna í Menningarsjóð. Verði sektirnar eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, skal í stað sektar ákærða Sigurbergs koma varðhald í 45 daga, í stað sektar Angantýs Agnars varðhald í 60 daga, í stað sektar ákærða Daníels Þórs varðhald í 75 daga, í stað sektar ákærða Vilhelms varðhald í 30 daga, í stað sektar ákærða Péturs varðhald í 130 daga, í stað sektar ákærða Eðvarðs varðhald í 150 daga og í stað sektar ákærða Sigurvins varðhald í 120 daga.

Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga og 1. mgr. 69. gr. almennta hegningarlaga ber að gera framangreint áfengi, sem lögreglumenn tóku úr bifreiðinni Ö-68 föstudaginn 1. febrúar 1957, 74 flöskur af ákavíti, 72 flöskur af gin og 18 flöskur af koniaki — eða samtals 164 flöskur, upptækt ríkissjóði til handa, þ. e. áfengi ákærða Sigurbergs 8 ginflöskur, áfengi ákærða Angantýs Agnars 5 ginflöskur og 5 ákavítisflöskur, áfengi ákærða Vilhelms 5 flöskur af ákavíti, áfengi ákærða Daníels Þórs 10 ginflöskur og 10 ákavítisflöskur, áfengi ákærða Péturs 20 flöskur af ákavíti, 14 flöskur af gin og 6 flöskur af koniaki, áfengi ákærða Eðvarðs 20 flöskur af gin, 18 flöskur af ákavíti og 6 flöskur af koniaki og áfengi ákærða Sigurvins 16 flöskur af ákavíti, 15 flöskur af gin og 6 flöskur af koniaki.

Í ákæruskjali er í sambandi við kröfu um upptöku áfengis þessa vísað til 41. gr. áfengislaga, en sýnt þykir, að þar sé um misritun að ræða, af vangá vísað til 41. gr. laganna í stað 2. mgr. 42. gr.

Ákærðu Sigurberg, Angantý Agnar, Daníel Þór, Vilhelm og Pétur ber að dæma in solidum til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 7.000,00, og ákærðu Eðvarð og Sigurvin einnig in solidum til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, Guðlaugs Einarssonar hdl., kr. 3.000,00. Allan annan sakarkostnað skulu allir hinir ákærðu greiða in solidum.

#### Dómsorð:

Ákærði Sigurbergur Sverrisson greiði 6.600,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Angantýr Agnar Áskelsson greiði 7.125,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Daníel Þór Emilsson greiði 17.000,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 75 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Vilhelm Sigmarsson greiði 4.000,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Pétur Þórarinsson greiði 29.100,00 króna sekt til

Menningarsjóðs, og komi 130 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson greiði 32.850,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 150 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurvin Sveinsson greiði 27.525,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 120 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi, 74 flöskur af ákavíti, 72 flöskur af gin og 18 flöskur af koniaki, samtals 164 flöskur, eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærðu Sigurbergur Sverrisson, Angantýr Agnar Áskelson, Daníel Þór Emilsson, Vilhelm Sigmarsson og Pétur Þórarinsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 7.000,00.

Ákærðu Eðvarð Helgason Vilmundarson og Sigurvin Sveinsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðlaugs Einarssonar hdl., kr. 3.000,00.

Allan annan sakarkostnað greiði allir ákærðu in solidum. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 15/1959. **Lúðvíg Eggertsson** (Haukur Jónsson hdl.)

gegn

**Ingolf Petersen**

og

**Sælgætisgerðinni Fríðu** (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Héraðsdómur í víxilmáli ásamt fjárnámsgerð staðfestur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt fjárnámsgerð þá, sem áfrýjað er.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með